

## 28. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn miðvikudaginn 6. desember 2018 kl. 15:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

### Viðstaddir:

Daniel Coaten, fulltrúi Keilis

Fríða Stefánsdóttir, stjórnarformaður og fulltrúi Suðurnesjabæjar

Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja

Sindri Gíslason, varafulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands

Þorvaldur Örn Árnason, varafulltrúi SSS

Björk Guðjónsdóttir og Jóna Rut Jónsdóttir höfðu boðað forföll og voru varamenn boðaðir í þeirra stað. Stjórnarformaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Uppákomur og fundir

Forstöðumaður fór yfir síðustu fundi og uppákomur, þar á meðal kynningarfund fyrir bæjarstjórn og bæjarstjóra Suðurnesjabæjar sem haldinn var 21. september og ársfund INTERACT samtakanna sem haldinn var í Salekhard í Síberíu 24. – 28. september. Þann 10. október var starfsgreinakynning fyrir grunnskólanemendur haldin en Þekkingarsetrið sá um skipulag og framkvæmd hennar fyrir SSS. Þá var sagt frá heimsóknnum hópa í setrið og þátttöku forstöðumanna Náttúrustofu Suðvesturlands og Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum í fréttaskýringabættinum Kveik á RÚV.

#### 2. Rekstraráætlun ársins 2019

Farið var yfir drög að rekstraráætlun ársins 2019. Það stefnir í um tveggja milljón króna hallarekstur en þó er vonast til að óvænt verkefni komi inn til að bæta stöðuna. Rætt var um stjórnarlaun og mögulegar breytingar á nýtingu viðhaldsstyrks frá bænum. Senda þarf ósk um endurnýjun samningsins og breytingatillögu til sviðsstjóra stjórnsýslu og verður það gert þegar stjórnarformaður hefur kynnt málið. Stjórn samþykkti rekstraráætlun án athugasemda.

### 3. Drög að viðhaldsáætlun ársins 2019

Forstöðumaður kynnti drög að viðhaldsáætlun næsta árs. Skipta þarf um nokkra glugga sem eru ónýtir og endurnýja þarf loftunarrými á efri hæð sem liggur undir skemmdum. Tímabært er orðið að skipta um klæðningu á einni hlið hússins en beðið verður með þá framkvæmd vegna sjónvarpsþáttagerðar sem mun fara fram fyrir utan húsið á næsta ári.

### 4. Málefni sýningarinnar Heimskautin heilla

Ákveðið var að sækja um viðbótarstyrk til bæjarráðs Suðurnesjabæjar til viðgerða á tækjabúnaði sýningarinnar. Forstöðumaður verður tilbúinn með drög að bréfi fyrir næsta stjórnarfund og stefnt er að því að senda það í mars.

### 5. Önnur mál

a) Daniel Coaten tilkynnti stjórn að hann verði ekki lengur starfsmaður Keilis þar sem Hí hefur fært tæknifræðinámið annað. Hann mun ræða við framkvæmdastjóra Keilis um stjórnarsetuna.

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 5. mars 2019 kl. 15:00.

Fundi var slitið kl. 16:30.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

---

Daniel Coaten - Sign

---

Halldór Pálmar Halldórsson - Sign

---

Fríða Stefánsdóttir - Sign

---

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign

---

Sindri Gíslason - Sign

---

Þorvaldur Örn Árnason - Sign